Náttúrufræðistofnun

Hvalfjarðarsveit

Innrimel 3

301 AKRANES

Garðabær, 2. október 2026

Málsnúmer: 202608-0024

BK

Efni: Narfabakki – Breyting á deiliskipulagi

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 21. ágúst 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Narfabakka.

Ástæða skipulagsbreytingarinnar eru áform um uppsetningu vindmylla fyrir raforkuframleiðslu til eigin nota á jörðinni. Með breyttu skipulagi er skilmálum breytt, lóð nr. 5 er minnkuð og færð sunnar innan deiliskipulagsins og nýtt svæði fyrir vindmyllur afmarkað auk aðkomu að nýju svæði. Uppsetning vindmylla verður í samræmi við gildandi aðalskipulag sem heimilar hámarkshæð vindmyllu allt að 25 m miðað við spaða í hæstu stöðu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Skipulagssvæðið er að miklu leyti undirlagt af lúpínu, framandi ágengri tegund. Fáar fuglategundir nýta þéttar lúpínubreiður til varps en varpþéttleiki þúfutittlings og hrossagauks getur þó verið mikill og báðar tegundir stunda óðalsflug á varptíma sem eykur hættu á árekstri við vindmylluspaða. Á nærliggjandi votlendissvæðum, bæði vestan og austan þjóðvegar, má gera ráð fyrir fjölbreyttara fuglalífi og háum þéttleika mófugla. Auk þess sækir fjöldi fugla í leirur Narfastaðaóss en hann er innan mikilvægs fuglasvæðis sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár (Mýrar-Löngufjörur). Hafarnaróðal er að finna innan 5 km fjarlægðar frá skipulagssvæðinu en ernir eru mjög berskjaldaðir fyrir árekstrum við vindmyllur. Þá er hætt við því að vindmyllur á þessum slóðum geti haft umtalsverð áhrif á útsýni.

Möguleg áhrif af framkvæmdinni ráðast þó af hæð og fjölda vindmylla en þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Af ofangreindu er ljóst að fyrirhugaðar vindmyllur eru staðsettar á viðkvæmu svæði. Mikilvægt er að taka tillit til þess við útfærslu framkvæmdarinnar, meðal annars með því að lágmarka hæð vindmylla eins og kostur er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000